

Kennsluáætlun Íslenska

Kennarar: Helga Elísabet Aðalsteinsdóttir; Kristín Berglind
Oddsdóttir; Vala Friðriksdóttir

2

Markmið:

- Að nemendur auki lestarfærni og orðaforða.
- Að nemendur læri samsett orð, sérnöfn/samnöfn, andheiti og stafrófið.
- Að nemendur tileinki sér innihald texta í mismunandi bókum og ljóðum.
- Að nemendur haldi rétt á skriffærum og dragi rétt til stafs.
- Að nemendur tjái sig skriflega á einföldu máli.
- Að nemendur noti upphafsstafi og litla stafi rétt.
- Að nemendur þjálfist í að skrifa eftir eigin hljóðgreiningu.
- Að nemendur öðlist áhuga og skilning á umhverfi sínu og náttúru.
- Að nemendur þjálfist í margskonar vinnubrögðum.

Námsefni:

Komdu og skoðaðu líkamann, Komdu og skoðaðu fjöllin,
Lestrarlandið 1 og 2, Litla lesrún, Góður, betri, bestur 2A,
og ýmsar sögur og verkefni útbúin af kennurum.

Kennsluaðferðir:

Unnið verður eftir kennsluaðferðum Byrjendalæsis.

Námsmat:

Hraðlestrarpróf verða 3 sinnum á skólaárinu. Læsi lesskilningspróf er tekið í nóvember. Lesskilningspróf verður á annarprófi í janúar og á vorönn í maí. Skriftarpróf í janúar og maí.

Símat á vinnu, verkefnum og ástundun.

G.Í. íslenska 2. bekkur - Talað má, hlustun og áhorf

- Getur tjáð sig munnlega á einföldu máli og endursagt efni sem hlustað hefur verið á eða lesið
- Getur tjáð sig með aðstoð leikrænnar tjáningar frammi fyrir hópi
- Getur hlustað og horft sér til gagns og ánægju á upplestur, fræðsluefni og leikþætti og greint frá upplifun sinni

G.Í. íslenska 2. bekkur - Lestur og bókmenntir

- Er læs á léttan texta og getur lesið léttar sögubækur sér til skilnings og ánægju
- Kann ýmis ljóð og sönglög
- Getur lesið a.m.k. 120 atkvæði á mínútu að vori
- Getur beitt hugtökum eins og persónu, söguþræði og umhverfi
- Getur valið sér lesefni sem hæfir lestrargetu og lesið sér til ánægju

G.Í. íslenska 2. bekkur - Ritun

- Heldur rétt á skriffærum og dregur rétt til stafs
- Temur sér að nota upphafsstafi og litla stafi á réttan hátt
- Getur skrifað og leyft öðrum að njóta þess með upplestri höfundar eða annarra
- Temur sér vandvirkni í hvívetna
- Getur nýtt í ritun þekkingu á grunnþáttum í byggingu texta
- Fær fjölbreytt tækifæri til að skrifa á þann hátt sem hann er fær um
- Getur skrifað texta á tölvu og beitt einföldustu aðgerðum í ritvinnslu

G.Í. íslenska 2. bekkur - Málfræði

- Þekkir hugtökin samsett orð, samheiti, andheiti, sérnafn, samnafn, sérhljóð og samhljóði
- Kann stafrófið

- Getur búið til málgreinar

Lykilhæfni fyrir 1.-4. bekk - Tjáning og miðlun

- Tjáð hugsanir og skoðanir sínar og sett þær fram á viðeigandi hátt.
- Gert grein fyrir hugsunum sínum, skoðunum og þekkingu á þann hátt sem við á hverju sinni.
- Hlustað eftir upplýsingum og rökum í samræðum.
- Lagað tjáningu sína að viðmælendum og notað algengan orðaforða sem tengist umfjöllunarefni hverju sinni.

Lykilhæfni fyrir 1.-4. bekk - Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Skipulagt efnistöð og aðferðir við úrlausn verkefna.
- Greint milli staðreynda og skoðana.
- Endurskoðað úrlausn viðfangsefna út frá mismunandi sjónarhornum á skapandi hátt.
- Gert sér grein fyrir að iðulega er hægt að komast að fleiri en einni niðurstöðu við úrlausn verkefna og að læra má af mistökum og nýta það á skapandi hátt.

Lykilhæfni fyrir 1.-4. bekk - Sjálfstæði og samvinna

- Unnið eftir fyrirmælum og borið ábyrgð á eigin verkefnum og vinnubrögðum þegar við á.
- Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum.
- Tekið jákvæðan þátt í leik og starfi í skólasamfélagi sínu.
- Unnið með öðrum að skipulögðum verkefnum sem tengjast námi og félagsstarfi innan skóla.
- Tekið leiðsögn á jákvæðan hátt..

Lykilhæfni fyrir 1.-4. bekk - Ábyrgð og mat á eigin námi

- Gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvar hann getur gert betur í námi.
- Sett sér með aðstoð markmið í námi.